

## L Ö G

45

13. júní

## um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

G j ö r u m k u n n u g t : Að Vér samkvæmt 7. gr. laga nr. 11 26. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, höfum látið færa fyrrnefndar lagabreytingar frá 1937 inn í meginmál laga nr. 55 7. maí 1928, og gefum þau hér með út svo breytt sem lög um dragnótaveiði í landhelgi:

## 1. gr.

Innan íslenzkrar landhelgi, á svæðinu frá Eystra-Horni sunnan um land að Straumnesi, skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí og frá 1. til 31. desember, og á svæðinu frá Straumnesi austur um land að Eystra-Horni frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar frá 15. maí til 30. september ár hvert.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

## 2. gr.

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja, skal þó heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land. Einnig skal heimilt að króa af síld og ufsa við land, svo sem tíðkæpt hefir eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og að veiða síld í landhelgi með herpinót, þótt til botns taki.

Eftir sérstöku leyfi atvinnuáráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur í landhelgi, sem fást við visindalegar rannsóknir.

## 3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 2500—5000 gullkrónum; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Leggja má lögöld á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkingar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

## 4. gr.

Hver sá, er leiðbeinir skipi við dragnótaveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 gullkrónum. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem staddur er í dragnótaveiðiskipi, eða á bát við skipshliðina, þegar það er á veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á skipinu.

## 5. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, er getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

45

13. júní

6. gr.  
Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Fiskveiðasjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins.

7. gr.

Mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um möskvastærð dragnóta, svo og um lágmarksþyngd þess fiskjar, sem veiddur er í dragnót og hafður er til sölu.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27, 20. júní 1923, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52, 19. júní 1933 og lög nr. 15 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

46

13. júní

## L Ö G

### um samvinnufélög.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 13. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 36 frá 27. júní 1921, um samvinnufélög, höfum látið fella meginmál þeirra og laga nr. 22 19. maí 1930 inn í lög nr. 36 27. júní 1921 og gefum þau hér með út svo breytt sem lög um samvinnufélög, að slepptri 42. gr. síðastnefndra laga:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll félög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld félagsmanna, í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í félagsstarfinu, og hafa það verkefnið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.